

Ed.

350. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 18, 9. júlí 1909, um styrktar-
sjóð handa barnakennurum (þskj. 216).

Hin háttvirta efri deild hefir falið oss undirskrifuðum að ihuga frum-

varp til laga um breyting á lögum nr. 18, 9. júlí 1909 um styrktarsjóð handa barnakennurum.

Frumvarp þetta fer meðal annars fram á að færa niður tillög þau sem kennarar eiga að greiða til styrktarsjóðsins, en aðalefni þess er að breyta sjóðnum úr styrktarsjóð, sem styrkur sé veittur úr þeim, er verið hafa barnakennarar og hans eru helzt þurfandi, í eftirlaunasjóð þar sem sérhver, er fullnægi ákveðnum skilyrðum, hafi rétt til eftirlauna úr sjóðnum.

Vér erum samdóma þeirri hugmynd, að æskilegt væri að slík breyting, sem hér er átt við, gæti orðið á sjóðnum síðar meir, en eins og nú stendur sjáum vér engan veg til þess; þegar allir, er rétt hafa til eftirlauna, eiga að njóta þeirra jafnt, mundi styrkurinn, er sjóðurinn gæti veitt, verða svo litill, er margir væru komnir á eftirlaun, að hann yrði langt frá því að vera fullnægjandi fyrir þá, sem í raun og veru þyrftu hans við, nema því að eins að beðið væri með að veita eftirlaunin þangað til sjóðurinn væri orðinn margfalt stærri en gert er ráð fyrir í frumvarpinu; en þá mundu margir þeir, sem styrksins væru þurfandi og eftir gildandi lagaákvæðum geta gert sér von um hann, um langan aldur fara á mis við allan styrk og þar á meðal menn, sem þegar eru farnir að fá styrk úr sjóðnum.

Þegar ræða er um lögákveðinn rétt til eftirlauna, er þörf á nákvæmum ákvæðum um hverjir og hverjir ekki eiga að hafa þennan rétt. Ákvæði frumvarpsins um að hver kennari, sem starfað hafi að barnakenslu í 25 ár, auk þess að gjalda tillög til sjóðsins í 5 ár, eru svo óákveðin, að á þeim er ómögulegt að byggja, því fremur sem hann missir réttinn ef hann hættir kenslustörfum og tekst aðra arðvænlegri atvinnu á hendur. Hvað sé »arðvænlegri« atvinna er svo mikið álitamál, að úr því getur verið ómögulegt að að skera t. d. ef kenslukona giftist. Að því er þetta snertir, sjáum vér ekki annað, en að nauðsyn beri til að miða, eins og við gjaldskylduna, réttinn til eftirlaunanna við það, að maður hafi verið ráðinn til kenslustarfa samkvæmt lögum um fræðslu barna 22. nóvbr. 1907. En þau lög eru enn búinn að vera svo stuttan tíma í gildi, að við þau verður þó ekki að svo stöddu miðað.

Að ekkjur kennara hafi sama rétt til eftirlauna úr sjóðnum sem kennarar sjálfir, er í fullu ósamræmi við þær reglur, sem annars gilda hvervetna um eftirlaun ekkna og þess utan er mikið álitamál, hvort þær eiga nokkurn slíkan rétt að hafa, þar sem hér er um atvinnu að ræða, er kvenmenn stunda eigi síður en karlmenn, enda mundi það mjög draga úr þeim styrk, er kennarar, kvenmenn sem karlmenn, munu geta fengið úr sjóðnum.

Þar sem rétturinn til eftirlaunanna er enn fremur miðaður við starfsárafjölda kennaranna, er engin ákvörðun um, hvað skuli teljast »starfsár«, enda erfitt að ákveða það að svo stöddu. En auðsætt er, að ekki er eðlilegt að sá, sem starfað hefir að barnakenslu að eins nokkrar vikur árlega, þegar hann hefir ekki haft annað að gera, hafi sama rétt og sá, sem að henni hefir starfað 6 mánuði á hverju ári eða þaðan af lengur og haft það fyrir atvinnu sína.

Samkvæmt því, sem hér hefir verið tekið fram, treystum vér oss eigi til að ráða hinni háttvirtu deild til þess að fallast á aðalefni frumvarpsins, en hinsvegar teljum vér rétt að taka tillit til þeirra óska, er komið hafa fram frá mörgum kennurum um að færa tillagið til styrktarsjóðsins niður og leggjum því til að önnur grein frumvarpsins verði samþykkt.

BREYTINGARTILLÖGUR

vorar eru því þessar:

1. Að 1. gr. frumvarpsins verði feld.
2. Að 2. gr. verði eina grein frumvarpsins.
3. Að 3. gr., 4. gr., 5. gr. og 6. gr. frumvarpsins verði feldar.

Alþingi, 27. marz 1911.

Sigurður Stefánsson,
formaður.

Eiríkur Briem,
skrifari og framsögumaður.

Stefán Stefánsson.